

Mars 2006

## Kæri viðskiptavinur

Hér að neðan er efnislýsing á hefðbundnu kanadísku einingahúsi sem við erum að bjóða. Efnisval getur verið breytilegt, en í þeim tilboðum og uppsetningu á húsum er stuðst við neðangreinda efnislýsingu.

**Vöruliðir frá 1-7** er burðarvirki hússins og er það verksmiðjuframlétt, þ.e. útveggjaeiningar, innveggir og sperrur eru tilbúnar og samsettar. Sérvalinn vottaður burðarviður (approved by authorities) og þykk naglbær undirklæðning á þaki og ytra byrði húss. Útveggir eru verksmiðjuframléiddir með ísettum gluggum. Útveggir koma einangraðir með rakavarnarlagi að innan og utan ásamt áfastri raflagnagrind að innan og lektum fyrir klæðningu að utan. Samsettir skv íslenskri byggingarreglugerð þ.e. negldir með galvaniseruðum nöglum. 40 cm c/c á milli burðarstoða og sérstyrkingu við glugga og hurðar.

**Verkliðir frá 8-21** eru valkvæðir. Hinsvegar höfum við sett saman ásamt verksmiðju efnisval sem kemur til móts við kröfur um bestu verð og gæði. Sem dæmi má nefna að við notum einungis krossvið í útveggi, milligólf og þak. 19 mm krossviður á þaki hentar einnig fyrir klæðningu sem keypt er á heimamarkaði t.d. stallastál og hefur nægilegan styrkleika til neglingar.

Stigar eru verksmiðjuframléiddir úr harðvið t.d. Eik eða Birki hjá samstarfsaðila verksmiðju í Kanada.

Við gerum bráðabirgðatilboð í hús samkvæmt beiðni kaupanda. En gróflega má áætla að fermetraverð húss með flutningi, tolli og virðisauka, komið á byggingastað sé um kr 39 – 45 þúsund krónur á fermeter miðað við efnislýsingu þá er að neðan greinir. Miðast þá við verksmiðjuframléitt einingahús til afhendingar í Reykjavík.

Emerald ehf gerir kaupanda bráðabirgðatilboð miðað við stærð húss án gjalds. Á síðari stigum ef væntanlegur kaupandi óskar eftir sundurliðuðu tilboði gerum við og verksmiðja sundurliðuð tilboð til væntanlegs kaupanda miðað við endanlegt efnisval og teikningar arkitekts.

Kaupandi greiðir kr 15.000,- tryggingagjald fyrir slíka tilboðsgerð og dregst sú fjárhæð frá þóknun Emerald ehf við kaupsamningsgerð. Gerð eru frávikstilboð t.d.

- Hvað kostar húsið meira ef harðviðarhurðir í stað hefðbundinna hurða.
- Hvað kostar húsið meira ef áklæddir viðargluggar eru valdir í stað PVC glugga
- Hvað kostar húsið meira ef valdar eru harðviðarhurðar úti í stað hefðbundinna hurða.
- Hvað kostar húsið meira ef **NOVA BRIK** hleðslusteinsklæðning er valin í stað **Canoxel** vinyllklæðningar eða **Hardie Plank** fíbersementklæðningar.

Við vonum að meðfylgjandi upplýsingar hjálpi þér við val á húsi og varpi ljósi á það sem við getum boðið þér. Við fullyrðum að enginn býður betur miðað við efnisval á verksmiðjuframléiddu einingahúsi, áreiðanleika og gæði.

Verksmiðjan í Kanada hefur getið sér afar gott orð á ströngustu mörkuðum heims s.s Japan, Þýskalandi og Íslandi. Emerald ehf hefur þróað húsin m.t.t. íslenskra aðstæðna og eru lágmarkskröfur okkar umfram kröfur sem settar eru skv íslenskri byggingareglugerð.

Við þökkum fyrirspurn þína og vonumst til að eiga náið samstarf við þig. Ef spurningar vakna þá vinsamlega hafðu samband og við munum fúslega leitast við að svara öllum frekari fyrirspurnum og aðstoða þig eftir bestu getu.

Með kveðju

**Verslunarfélagið Emerald ehf**

Gunnlaugur Gestsson

## EFNISLISTI VERKSMÍÐJUFRAMLEITT KANADÍSKT EININGAHÚS (þýðing; sjá tilboð)

### 1. GRUNNUR

- Steyptur (Verksvið kaupanda, verktaka, fylgir ekki í verði)

### 2. GRIND OG BURÐARVIRKI

- Hágæða sérvalið og stimplað verksmiðjupurrkað og heflað timbur Flokkur 1 og 2 SPF
- Samsett verksmiðjuframleitt og tilbúið til ásetningar á steyptan grunn hússins. Millibil burðarvirkis í veggjum er 40,6 cm c/c með 140 mm **steinull**, rakavarnarlagi, vindvarnarlagi, 13 mm krossviðsklæðningu (ekki OSB plötum) og lektum fyrir gifsklæðningu og utanhússklæðningu. Sperrur eru verksmiðjuframleiddar kraftsperrur. Hægt að hafa hluta af lofti upptekið. 19 mm krossviður er á þaki, tjörupappi og asfalt skífur með 30 ára ábyrgð, gerðar fyrir 180 km vindhraða. 25 cm Steinullareinangrun í þaki, rakavarnarlag er undir gifsklæðningu ásamt lektum fyrir rafmagn.

### 3 MILLIGÓLF (EF HÚS ER MEIRA EN 1 HÆÐ)

- 19.1 mm (3/4") krossviður
- Burðarbitar (TJI-Joist) 241mm (9 ½") 40,6 cm millibil tilsníðið með festingum og fylgihlutum
- Steinull til hljóeinangrunar í milligólfi að lágmarki 152 mm.

### 4. INNVEGGIR TILSNIDNIR OG TILBÚNIR

- 38 X 89 mm milliveggjagrind (2"x4") 40,6 cm milli stoða ásamt milligrindarefni
- 38 x 140 mm milliveggjagrind (þar sem við á skv teikningu) (2"x6") 40,6 cm c/c
- Steinull til hljóeinangrunar 89 mm og 140 mm

### 5. UTVEGGIR TILSNIDNIR OG TILBÚNIR (talið innan frá og út)

- 38 x 69 mm raflagnagrind lárétt
- Polyethylene byggingaplast 0.15mm
- 38x140mm (2"x6") burðargrind millibil 40,6 cm c/c
- Steinullareinangrun RSI 3.5 (R20) 140 mm (6")
- 12.7 mm ( ½ ") Krossviður (notum ekki OSB sem er lakara og ódýrara efni)
- Vindvörn og rakavarnarlag TYVEK, Typar eða sambærilegt
- 19 x 68 mm grindarefni fyrir utanhússklæðningu

### 6. ÞAK

- 38 x 69 mm raflagnagrind
- Polyethylene byggingaplast 0.15mm
- Steinullareinangrun RSI 5.5 (R31), 254mm.
- Verksmiðjuframleiddar kraftsperrur 610 mm c/c, halli skv teikningu
- 19.1 mm krossviðsklæðning (þykkt hentar einnig t.d. fyrir stallastál og neglingu)

### 7. PÖKKUN Í GÁMA, TEIKNINGAR OG GÆÐAEFTIRLIT

- Burðarvirki þ.e. útveggjaeiningar, innveggjaeiningar og þaksperrur eru verksmiðjuframleiddar og tilbúnar til ásetningar á steyptan grunn
- Smíðateikningar og verksmiðjuteikningar fylgja með frá verksmiðju. Teikningarnar eru unnar útfra teikningum íslensks arkitekts m.v. íslenska staðla og kröfur en mun ítarlegri
- Hleðsla í gám frá verksmiðju er innifalin í verði

- Verksmiðjan í Kanada fylgir ströngum kröfum um gæðastaðla og hefur um 17 ára skeið flutt Kanadísk einingahús til markaða sem fylgja ströngustu kröfum um byggingar s.s. Ísland, Þýskaland, Japan, Sviss ofl.

### 8. ÞAK FRÁGANGUR:

- 8.1 Þakskífur, 30 ára ábyrgð, ECLIPSE model frá BP-Emco eða sambærilegt
- 8.2 Þakpappi undir þakskífur
- 8.3 Self-glued membrane on lower sections of roof and valleys + steel valleys
- 8.4 Álkantur (to hold fascia and to start shingles)
- 8.5 Álrennur og niðurföll
- 8.6 Skrúfur og naglar fyrir #8

### 9. ÚTVEGGIR FRÁGANGUR (bjóðum fleiri gerðir, leitið upplýsinga):

#### Valkostir í klæðningu t.d.:

- 9.1a FiberCement (Hardie Plank) eða sambærileg klæðning formáluð með öllum frágangslistum og festingum
- 9.1b Canoxel Vinylklæðning margir litir með öllum frágangslistum, þéttiefni og festingum
- 9.1c Nova Brik hleðslusteinsklæðning.

#### Frágangur frá vegg undir þakskegg:

- 9.2 Álklæðning m/öndun undir þakskegg, 152m (6"), hvítt aluminium, (38x140mm, 2"x6")
- 9.3 Álkantur hvítur á þakkant
- 9.4 Fylgihlutir J-trim fyrir álfrágang á þakköntum
- 9.5 PVC Rennur eða ál fyrir allt húsið ásamt niðurfallsrennum ásamt festingum
- 9.6 Öndunarop ál fyrir þaköndun, 559mm, (22")
- 9.8 Skrúfur og naglar fyrir #9

### 10. INNVEGGIR FRÁGANGUR, veggir & loft:

- 10.1 Gifsklæðning, 15.9 mm
- 10.3 Málmhorn fyrir gifs
- 10.4 Sparsl og tape
- 10.5 Skrúfur, naglar og festingar fyrir #10
- Tvöföld gifsklæðning í bílskúr og votgifs fyrir votrymi innifalið.

### 11. PVC GLUGGAR (bjóðum fleiri gerðir, leitið upplýsinga):

- 11.1 Casement gerð eða Awning, screen, **Tvöfalt Thermos-Gler 4 mm** K gler
- 11.2 Krossar á milli glerja (franskt útlit eftir því sem við á skv teikningu)
- 11.3 Flugnanet og ósýnilegt sólarvarnarlag í gleri
- 11.4 Low-E with Argon gasfylling í gleri
- 11.5 Skrúfur og festingar fyrir #11

### 12. ÚTIHURÐAR, ásamt gerettum og frágangslistum (bjóðum fleiri gerðir, leitið upplýsinga):

- 12.2 Stálútihurð hvít, einangruð, t.d gerð H70
- 12.2 Stálútihurð í garð hvít, einangruð, t.d gerð H41
- 12.2 Eldvarnarhurð þúð í bílskúr, 30min. t.d gerð H40
- 12.3 Hliðarhurðar hvítar, t.d. gerð H80
- 12.5 Bílskúrshurð, stál, án glers með fjarstýringu og rafknúnum upphalara
- 12.7 Hurðarhúnar og læsingar, Corsair model
- 12.8 Skrúfur og festingar fyrir #12

### 13. INNIHURÐIR, ásamt gerettum og frágangslistum (sjá tilboð):

#### **Valkostir innihurðir:**

MASONITE, Til málunar, viðargeretti:

- 13.4a 6 spjalda fulningagerð (fleiri útfærslur í boði t.d 2ja spjalda fulningagerð)

CLEAR PINE, Viðarhurðir t.d. Fura, viðargeretti

- 13.4b 6 spjalda fulningagerð fleiri útfærslur í boði t.d 2ja spjalda fulningagerð
- 13.4c Forstofuhurð með gleri Fura

CLEAR OAK/RED OAK, Gegnheilar Eikarhurðar með gegnheilum körmum

- 13.4d 6 spjalda fulningagerð fleiri útfærslur í boði t.d 2ja spjalda fulningagerð
- 13.4e Forstofuhurð með gleri gegnheil Eik

#### **SKRÁR OG HÚNAR FYRIR HURÐIR:**

- 13.19 Corsair hurðarskrár (fleiri valkostir í boði)
- 13.22 Hurðarstoppari (eir)
- 13.23 Allir fylgihlutir fyrir #13

### 14. FRÁGANGLISTAR INNI:

- 14.1 Gólflistar úr t.d. Furu fylgja, 8x79mm (3/8" x 3 1/8"), #227
- 14.2 Gluggageretti t.d. Fura til málunar, 10x54mm (3/8" x 2 1/8"), fingursamsett
- 14.3 Loftlistar Fura til málunar 64 mm (2,5") #370
- 14.5 Naglar eða skrúfur fyrir #14

### 15. INNISTIGAR HARÐVIÐUR T.D. EIK EÐA BIRKI (ef hús er t.d. 2 hæðir):

- 15.1 Verksmiðjuframleiddur skv máli tilbúinn til uppsetningar
- 15.2 Pílarar og handrið t.d. Eik eða Birki
- 15.3 Festingar fyrir #15

### 16. INNRÉTTINGAR (harðviðarhurðar eða sprautulakkað):

- 16.1 Innrétting eldhús, ARBORITE borðplata
- 16.2 Innrétting bað, ARBORITE borðplata

### 17. GÓLFEFNI:

- Yfirleitt ekki innifalið í verði (sjá tilboð)

### 18. HILLUR OG KÖRFUR Í SKÁPA:

- Yfirleitt ekki innifalið í verði (sjá tilboð)

### 19. RAFLAGNAEFNI:

- Ekki innifalið í verði

### 20. PÍPULAGNAEFNI:

- Ekki innifalið í verði

### 21. UPPSETNING HÚS

- Ekki innifalið í verði (Sjá tímaáætlun á síðasta blaði)

**ÁÆTLAÐUR GÁMAFJÖLDI EINBÝLISHÚS 170-180 m<sup>2</sup>:**

Fyrir liði #1 að #7 áætlað: 2 x 40' gámar "high-cube" (gámur 2 fylltur að 83%)

Fyrir alla liði, #1 up to #21: 2 x 40' high-cube + 1 x 40' venjulegur (fylltur að 90%)

**ÁÆTLAÐAR VINNUSTUNDIR VENJULEGT EINBÝLISHÚS (170-180m<sup>2</sup> með bílskúr):**

Erfitt er að meta vinnustundir við uppsetningu á húsi, en þar geta aðstæður á vinnustað ráðið miklu, s.s. frágangur á sökklum áður en byrjað er að reisa húsið, jöfnun lóðar og aðkoma. Miðað við reynslu og erfiðar aðstæður þá má bæta allt að 30% við neðangreinda tímaáætlun.

Reynslan hefur sýnt að miðað við eðlilegar aðstæður er sundurliðun samkvæmt neðangreindu m.v. verksmiðjuframleitt hús frá okkur. Ekki er tekið tillit til raflagna, pípulagna og skápa.

<b>Verkþáttur</b>	<b>Vinnuliður</b>	<b>Klst</b>	
Liður #1 til #7	Burðarvirki og einangrun	318	
Liður #8	Þakfrágangur ofl	77	
Liður #9	Veggjakklaðning ofl	269	
Liður #10	Innveggir og loft gífs	71	
Liður #11	Gluggar og frágangur	13	
Liður #12	Útihurðar	12	
Liður #13	Innihurðar	10	
Liður #14	Frágangslistar	68	
Liður #15	Stigi	12	
Liður #16	Innréttingar	28	
Liður #17	Gólfefni	0	
Liður #18	Skápar	0	
Liður #19	Raflagnir	0	
Liður #20	Pípulagnir	0	
	Annað ófyrirséð	30	
	<b>Alls tímar</b>	<b>908</b>	<b>= 33 dagar fyrir</b>
			1 Verkstjóra + 2 smiðir
<b>Alls *)</b>	<b>1 Verkstjóri + 2 smiðir</b>	<b>CAD 27.845</b>	

**\*) Kostnaður fyrir utan ferðir og uppihald. Kostnaður við krana ekki meðtalinn.**